

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2018


Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (hækkun starfslokaaldurs).

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (hér eftir nefnt stml.) varðandi hækkun starfslokaaldurs úr 70 ára í 73 ára. Bandalagið tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins um að mikilvægt sé að embættismönnum og almennum starfsmönnum ríkisins verði gert kleift að starfa lengur en til 70 ára aldurs ef þeir svo kjósa.

BSRB átti fulltrúa í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar nr. 100/2007 sem birti skýrslu sína í febrúar 2016.¹ Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur og þar er fjallað um opinbera starfsmenn. Nefndin lagði til að endurskoðað verði ákvæði stml. „með það í huga að opinberum starfsmönnum verði heimilað að vinna allt að 75 ára aldurs. Haft verði samráð við viðkomandi heildarsamtök opinberra starfsmanna.“

Einnig er fjallað um 70 ára starfslokaaldur í kjarasamningum aðildarfélaganna BSRB við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að bandalagið styðji markmið þessa frumvarps er lögð áhersla á að endurskoðun starfslokaaldurs fari fram í samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna og unnið sé að því að breyta kjarasamningum við sveitarfélögin samhliða breytingum á lögum varðandi starfsmenn ríkisins.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

¹ Skýrsluna má finna hér: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla_nefndar_um_endurskodun_laga_um_almannatryggingar_01032016.pdf